

Niðurstöður SET lista í Oddeyrarskóli 2024

SET listar voru lagðir fyrir í skólanum föstudaginn 29. nóvember 2024. Í upphafi var farið um ganga skólans til að líta eftir sýnileika reglna og leita svara nemenda og starfsfólks við spurningum okkar. Síðan var tekið viðtal við Önnu Bergrós Arnarsdóttur skólastjóra. Viðmælendur voru á ólíkum aldri, af báðum kynjum og leitast var við að tala við starfsmenn sem gegna ólíkum störfum. Starfsmenn fengur hlýjar móttökur í skólanum þegar úttektin var gerð.

Heildarmeðaltal skors fyrir flokkana sjö er 93%. Hér fyrir neðan má sjá niðurstöðurnar úr hverjum flokki fyrir sig:

A. Reglur skilgreindar - 100% Mjög gott

Yfirreglurnar eru 5. Skólareglur voru vel sýnilegar um allan skóla og gaman að sjá þær dregnar saman á snyrtilegan hátt þar sem við á. Þær eru í augnhæð barnanna og snyrtilega frá þeim gengið. SMT teymið kynnt á starfsmanna fundi, hugmyndin er að gera það 4 sinnum á ári.

B. Reglur kenndar - 90%

Skráð áætlun á reglukennslu er fyrir hendi 5 yfirreglu, 80 % starfsmanna hafa kennt reglur, 80% nemenda sem spurðir voru þekkja einkunnarorð skólans ábyrgð, virðing, vinátta og 90%% starfsmanna sem spurðir voru þekkja einkunnarorðin. Starfsmenn sögðust oft þurfa rifja upp reglurnar með nemendum þess þarf oft til dæmis hendur og fætur hjá þér. Teymið fer yfir skráningar vikulega, skráð er í mentor, ritari eða umsjónarkennarar. Meiriháttar agamál lenda hjá stjórnendum sem koma því í ferli í samráði við foreldra.

C. Viðvarandi hvatningarkerfi – 83%

Allir aðspurðir nemendur hafa fengið hrósmiða á síðustu tveimur mánuðum, eða í tölvupósti, en 80% aðspurðir starfsmenn höfðu gefið hrósmiða. Unglingar sem spurðir voru svöruðu að notarlegt væri að fá hól í t.d. föstudagspóstum. Veislur eru haldnar þegar unnið hefur verið vel, horft á mynd eða eitthvað gert sem þau velja sér sjálf að gera. Skólastjóri leggur áherslu á að starfsmenn sýni með látbragði og orðum þegar þeir taka eftir að nemendur er að leggja sig fram og líka með því að veita þrumur.

D. Viðbrögð við óæskilegri hegðun - 100% Mjög gott

Starfsmenn voru sammála stjórnanda um að alvarlegum agabrotum skuli vísað til stjórnenda og einnig nefndu nokkrir SMT lausnateymið sem mögulegt úrræði í framhaldinu. Ofbeldi, ljótt orðbragð, sími ekki afhennitur, sjálfskaði vísað til umsjónarkennara sem tekur það lengra, stundum inn í teymi barns eða til stjórnenda.

E. Eftirlit og ákvarðanataka 75% (6 af 8 mögulegum)

Kennara hittast í t.d. unglingateyminu og fara yfir skráningar í príhyrninginn.

Að sögn skólastjóra er starfsfólk upplýst um stöðu agamiða (skráninga) ca. 2x á ári.

F. Stjórnun - 100 (16 af 16) mjög gott.

SMT teymið er almennt virkt og er góður þverskurður af starfsmannahópnum skólastjóri er teymisstjóri, hittist vikulega í 30 mín. Allir aðspurðir starfsmenn vita að það er SMT stýrihópur starfandi í skólanum. Skólastjóri segir teymið funda 1 sinni í mánuði.

G. Stuðningur sveitarfélags - 100% mjög gott

Guðbjörg Ingimundardóttir, starfsmaður á fræðslusviði Akureyrarbæjar, hefur stutt SMT skólana og staðið fyrir fræðslu fyrir starfsfólk ásamt stjórnendum skólanna. Í skólanum var vel tekið á móti úttektaraðilum. Stjórandi hefur tekið frá fjármagn fyrir 100 miða leikinn og fyrir veislur sem stundum hafa verið veglegar.

Rannveig Hafberg frá miðstöð SMT er að færa SMT skólunum SEL fræðslu sem tekin verður upp í 7. bekk eftir áramótin, sem er geðheilsleuflandi aðferð innleidd verður fyrir þennan árgang.

Að sögn Önnu skólastjóra eru helstu markmiðið að halda vel utan um skráningar og reglukennslan sem stöðugt þarf að minna starfmenn á. Anna ætlar fjármagn í umbunarveislur og þá t.d. vegna kaupa á utanaðkomandi skemmtun.

Desember 2024

Kristín Irene námsráðgjafi frá Lundarskóla og Guðbjörg frá Fræðslusviði